

Reykjavík,  
17. janúar 2025

## TILLAGA

### um afstöðu stúdentaráðs til réttis stúdenta til endurtekta

Stúdentaráð ítrekar mikilvægi þess að allir stúdentar eiga að hafa rétt á endurtekt. Ólíðandi er að einstakar deildir meini stúdentum að taka endurtektapróf, sérstaklega í þeim deildum þar sem þegar eru haldin sjúkrapróf.

## RÖKSTUÐNINGUR

Of lengi hefur liðist innan veggja Háskóla Íslands að allir stúdentar standi ekki jöfnum fæti þegar kemur að réttinum til endurtekta. Sem dæmi má nefna að stúdentar í sálfræði eða lyfjafræði fá ekki að þreyta endurtektapróf á meðan að stúdentar í hagfræði, hjúkrunarfræði og öðrum deildum svo lengi mætti telja hafa heimild til þess. Einnig má nefna dæmi innan Hugvísindasviðs þar sem rétturinn til endurtekta er ekki tryggður, og ef til vill víðar í háskólanum ef farið væri í heildræna úttekt.

Það er mikilvægt að allir stúdentar hafi rétt á endurtekt lokaprófa. Nákvæmlega sömu forsendur liggja fyrir um ófyrirséðar upptakomur á prófdegi, eins og prófkvíða, sem gætu ollið því að stúdentar falla á prófi, hvort sem þeir séu í sálfræði eða viðskiptafræði.

Mikilvægt er að Stúdentaráð Háskóla Íslands ítreki afstöðu sína um að allir stúdentar eiga að hafa rétt á endurtekt, og beiti sér fyrir því að framförum sé náð í þessum málaflokki svo að allir stúdentar spili á jöfnum velli.

*Tinna Eyvindardóttir*  
Stúdentaráðsliði Vöku á HVS